| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri | |
|---|---|---|
| Útgáfa: 07 | | |
| Dags.: 08.04.2010 | | |
| Höfundur: GLÁ | Áfangaheiti BPL 102 | |
| Samþykkt: HJS | Kennsluáætlun 5 önn vor 2010 | |
| Síða 1 af 1 | | |

| Kennari | Stefán Bjarnhéðinsson | Sk.st. | SBH |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**
Farið er yfir efnauppbyggingu hitafastra og hitadeigra plastefna. Æfð greining plastefna. Æfðar suður og límingar jafnhliða greiningu bæði á nýju efni og ökutækjahlutum. Kynntir möguleikar við mótun plastefna við smíði hluta í yfirbyggingar. Áhersla er lögð á hættur af reyk og uppgufun efna í plastviðgerðum.

**Markmið:**
Nemandi þekki: Efnauppbyggingu hitafastra og hitadeigra plastefna, möguleika við mótun plastefna við smíði hluta í yfirbyggingar. Hættur af reyk og uppgufun efna í plastviðgerðum.

Nemandi geti: Lýst efnauppbyggingu plastefna og geti greint þau í undir- og yfirflokka, greint plastefni samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda. Valið viðgerðaraðferð eftir eðli efnisins, brætt saman mismunandi gerðir plastefna með heitu lofti og með rafhitun og valið leysiefni til notkunar við límingu.

**Námsgögn:**
Modern AutomotiveTechnology 1. Útg. 2006.
Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004
Kennslu myndbönd um námsefnið valin af kennara.

**Áætlun um yfirferð:**
Nemendum kynnt námsefnið, farið yfir efna uppbyggingu plasts og notkun gerfiefna í bílum, verklegar æfingar í efnagreiningu plasts og verkefni þar á eftir. Farið yfir suðu aðferðir og límingar á plasti, skriflegar og verklegar æfingar þar á eftir, einnig er farið yfir trefjaplast uppbyggingu og mismunandi mottu gerðir. Gerðar eru verklegar æfingar, allir nemendur plastsjóða 15cm sprungu slípa og sparsla og gera hana tilbúna í grunnfylli.
Farið er yfir suðu tæki og suðu aðferðir.
Umhverfisvernd í bílgreinum.
Farið er yfir hættuleg efni í bílgreininni sem við þurfum að verja okkur fyrir og hvernig við hjálpum líkamanum að hreinsa sig t.d. með andoxunarefnum. Nemendur vinna bóklegt lokapróf.

**Námsmat og vægi námsþátta:**

Próf 20%. Verkefni 60%. Mat 20%.

**Annað:**
90% viðvera í kennslustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.
Sé nemanda vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíka gagna. Verður sú umsókn að koma fram ekki síðar en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistamörk. Áskilin er réttur til breytinga á verkröð og öðrum þáttum.

**Dagsetning: 04.01. 2011.**

**Stefán Bjarnhéðinsson.**

**Undirritun kennara** Stefán Bjarnhéðinsson

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**